

**Fundargerð 18. fundar  
bæjarráðs  
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,  
27. febrúar 2019 , kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Þór Ólafsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Daði Bergþórsson, Magnús Stefánsson, Pálmi Steinar Guðmundsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

**Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir**, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.

**1. Styrkir til félagasamtaka vegna fasteignagjalda - 1902033**

- a) Minnisblað bæjarstjóra.
- b) Erindi frá Golfklúbbi Suðurnesja og Knattspyrnufélaginu Víði.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt að veita félagasamtökun styrki til greiðslu allra álagðra fasteignagjalda. Samþykkt að fela bæjarstjóra að láta vinna verklagsreglur um styrki til félagasamtaka til greiðslu fasteignagjalda og leggja tillögu þar um fyrir bæjarráð.*

**2. Starfsmannamál - almennt - 1811032**

Tillaga að verklagsreglum um gjafir, kveðjur og árshátíð starfsmanna.

*Afgreiðsla:*

*Tillaga að verklagsreglum um gjafir, kveðjur og árshátíð starfsmanna samþykktar.*

**3. Persónuverndarstefna Suðurnesjabæjar - 1809116**

Drög að persónuverndarstefnu Suðurnesjabæjar.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að staðfesta persónuverndarstefnu Suðurnesjabæjar, sbr fyrirliggjandi drög.*

**4. Þekkingarsetur Suðurnesja - 1902052**

Erindi dags 01.02.2019.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt að veita styrk í samræmi við erindið að hámarki 2.4 milljónir. Bæjarráð leggur áherslu á að samkomulag vegna reksturs og umsjónar sýningarinnar Heimskautin heilla verði klárað hið fyrsta.*

**5. Sorpeyðingarstöð Suðurnesja og Sorpa staða á sameiningarhugmyndum - 1806442**

Drög að viðauka við samning um ráðgjöf.

*Afgreiðsla:*

*Viðauki við samning lagður fram til staðfestingar. Samþykkt að fela bæjarstjóra að undirrita samninginn.*

**6. Gerðaskóli - húsnæðismál - 1809079**

- a) Minnisblað bæjarstjóra.
- b) Erindi frá stjórnendum Gerðaskóla.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt að skipaður verði stýrihópur sem fái það verkefni að láta vinna þarfagreiningu um húsnæðisþörf Gerðaskóla og mat á lýðfræðilegum þáttum, svo sem um þróun fjölda nemenda við skólann. Stýrihópurinn skipi formaður bæjarráðs, bæjarstjóri og skólustjóri Gerðaskóla. Stýrihópurinn skili skýrslu til bæjarráðs fyrir lok maí 2019.*

**7. Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar - 1901025**

Tillaga um viðauka 2, framkvæmdaáætlun.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að staðfesta viðauka nr. 2.*

**8. Umboð - 1902069**

Tillaga um umboð til sviðsstjóra stjórnsýslusviðs.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt að staðfesta umboð til handa sviðsstjóra stjórnsýslusviðs til undirritunar skjala fyrir hönd Suðurnesjabæjar.*

**9. Suðurnesjabær - hátíðir og viðburðir - 1902070**

Minnisblað bæjarstjóra.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt að fela Ferða-, safna- og menningarráði að fjalla um og gera tillögur um fyrirkomulag bæjarhátíða í sveitarfélaginu eftir árið 2019, einnig um fyrirkomulag áramótabrenna. Tillögur berist bæjarráði eigi síðar en fyrir lok ágúst 2019. Samþykkt að fela bæjarstjóra í samráði við mannauðsstjóra og starfsfólk að gera tillögu um árlegan fögnuð starfsmanna eftir árið 2019. Tillaga berist bæjarráði eigi síðar en fyrir lok ágúst 2019.*

**10. Lög og reglugerðir til umsagnar - 1902075**

Drög að frumvarpi til breytinga á barnalögum nr. 76/2003 og fleiri lögum (skipt búseta og meðlag)

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

**11. Síminn Samningar um Sí mavist og fjarskiptaþjónustu - 1807087**

Minnisblað frá sviðsstjóra stjórnsýslusviðs.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram til kynningar.*

**12. HS Veitur - aðalfundarboð - 1902080**

Boð á aðalfund HS Veitna þann 27. mars 2019.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt að Haraldur Helgason bæjarfulltrúi sækji fundinn sem fulltrúi Suðurnesjabæjar.*

*Samþykkt að bæjarráð setji sig ekki upp á móti tillögu sem liggur fyrir aðalfundinum varðandi kaup á eigin hlutabréfum félagsins.*

**13. Samstarfssamningar félagasamtök - 1901039**

- a) Drög að samstarfssamningi við Golfklúbb Sandgerðis.
- b) Drög að samstarfssamningi við Íþróttafélagið Nes.
- c) Drög að samstarfssamningi við Knattspyrnufélagið Víðir.
- d) Drög að samstarfssamningi við Knattspyrnufélagið Reynir.
- e) Drög að samstarfssamningi við Körfuknattleiksdeild KSF.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt að vísa drögum að samningum til umfjöllunar í Íþrótt- og tómstundaráði. Afgreiðslu frestað til næsta fundar bæjarráðs.*

**14. Sólseturshátíð 2019 - 1902082**

Samstarfssamningur við Knattspyrnufélagið Víðir um framkvæmd Sólseturshátíðar 2019.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt að fela bæjarstjóra að undirrita samninginn. Framlag sveitarfélagsins til hátíðarinnar er í samræmi við fjárhagsáætlun 2019. Samningnum vísað til kynningar hjá Ferð-, safna- og menningarráði.*

Fundi slitið kl. 18:00.

18. fundur bæjarráðs  
11.03.2019

---

Ólafur Þór Ólafsson

---

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

---

Daði Bergþórsson

---

Magnús Stefánsson

---

Pálmi Steinar Guðmundsson